

## Framvinduskýrsla janúar til maí 2011

### Þjónustusamningar

Í byrjun árs var gengið frá þátttöku flestallra sveitarfélaga á Suðurlandi í Markaðsstofunni. Allflest sveitarfélög gerðu fjögurra ára þjónustusamning við MSS nema Sveitarfélagið Ölfus (sem er nýr aðili að MSS) og Sveitarfélagið Árborg. Vestmannaeyjabær og Rangárþing ytra ákváðu að vera ekki með þetta árið en leitast verður við að hvetja þau til þátttöku á næsta ári.

Um miðjan apríl var gengið frá samstarfssamningi við Ferðamálastofu um fjárframlag til reksturs MSS. Í ár nema framlögin 5.000.000. Viss ákvæði í samningnum skuldbinda Markaðsstofuna t.d. í til þátttöku í Íslandspællum 2011, til að samræma vefmál markaðs- og upplýsingamiðstöðva, undirbúa og taka þátt í sameiginlegri kynningu markaðsstofa landshluta ásamt Ferðamálastofu á menningarnótt og að kortleggja sameiginlegar áherslur og móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir markaðsstofur og upplýsingamiðstöðvar. Að öðru leyti er ráðstöfun fjáris ekki skilyrt.

### Atvinnulífssýning

Atvinnulífssýningin „Suðurland já takk“ var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur 18.-20. mars sl. Sýningin var unnin í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og markaðs- og menningarfulltrúa í fjórðungnum.

Öllum fyrirtækjum og sveitarfélögum á Suðurland var boðin þátttaka. Innheimt var mismunandi gjald vegna þátttökunnar eftir því hvort um fyrirtæki eða sveitarfélög / klasa væri að ræða. Markaðsstofan bar hitann og þungann af undirbúningi sýningarinnar. Var það mál manna að vel hefði til tekist. Um 70 aðilar voru með kynningarbása og mjög fjölbreytt dreifing sýnenda. Með samstilltu átaki allra sem komu að sýningunni gekk vel að kynna sýninguna út á við. Voru notaðir til þess ýmsir miðlar og rík áhersla lögð á að nýta samfélagsvefina eins og facebook. Eins voru keyptar auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi. Sýningin var tvískipt þ.e. boðsgestum (fagaðilum) var boðið til móttöku á föstudeginum, en á laugardeginum var húsið opið fyrir almenning frá kl. 11 til 16. Mikill fjöldi gesta kom og má gera ráð fyrir að 5000 til 6000 þúsund gestir hafi komið í ráðhúsið á þessum dögum.

### Sýningar

Markaðsstofan hefur á þessu ári tekið virkan þátt í sýningum og kynningum á ferðakaupstefnum erlendis. Í upphafi árs tókum við ásamt öðrum íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum þátt í Íslandskynningu í St. Pétursborg og síðan á Matkasýningunni í Helsinki. Þá hefur markaðsstofan í samvinnu við aðrar markaðsstofur á landsbyggðinni tekið þátt í sýningarbásum Íslandsstofu á ITB-sýningunni í Berlín og TUR-sýningunni í Gautaborg. Aukinn sýnileiki á erlendum vettvangi er fljótur

að skila sér í víðfeðmu tengslaneti við fagfólk sem er að kynna og selja landið og greinilegt að aukin miðlun upplýsinga beint úr héraði höfðar vel til kaupenda á þesum markaði. Á þessum sýningum er mikil eftirspurn eftir nýjungum og því sem er ferskast í faginu. Til að bregðast við því þarf að vera vel með á nótunum og nauðsynlegt að vera í góðum tengslum við fyrirtækin á svæðinu. Af hálfu markaðsstofunnar hefur því verið lögð áhersla á að taka beinan þátt í kynningum af þessu tagi og samvinna við Íslandsstofu hefur tekist vel.

Undirbúningsvinna er hafin að annarri innanlandssýningu „Íslandsperlur“ í Perlunni dagana 20-22. maí. Kemur Markaðsstofa Suðurlands að þessari sýningu ásamt markaðsstofum í öðrum landshlutunum. Klasar, sveitarfélög og ferða- og menningarfulltrúar koma að undirbúningi Suðurlandsbássins og ætlum við okkur að koma sterk að sýningunni með áherslu á afþreyingartengda ferðamennsku.



„Suðurland já takk“

## Fundir og ráðstefnur

Markaðsstofan kom að undirbúningi að atvinnulífsráðstefnu á Hótel Selfossi sem haldin var í lok apríl. Ráðstefnan heppnaðist vel og gaf góða mynd af sóknarfærum í atvinnutækifærum á Suðurlandi ekki síst ferðapjónustu.

Hinn 11. apríl var haldinn aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands. Þar lagðir voru fram reikningar fyrir árið 2011 og framkvæmdastjóri gerði grein fyrir starfssemi MSS árið 2010. Kosnir voru nýir fulltrúar í stjórn fyrir þær Margræti Eggertsdóttur og Ragnheiði Hergeirsdóttur. Nýir stjórnarliðar eru þau Anna Björg Stefánsdóttir sem er fyrir „Rúntað í Rangárþingi“ og Gunnar Örn Marteinsson fyrir hönd Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.

Sóttir voru fundir í stoðkerfinu, s.s aðalfundur Ferðamálasamtaka Íslands sem haldin var á Nauthóli í lok apríl og ársfundur Íslandsstofu sem haldinn var í Salnum í Kópavogi.

## Heimasíða [www.south.is](http://www.south.is)

Undanfarið hefur verið unnið að því að uppfæra heimasíðuna og stöðugt er bætt inn þeim aðilum sem gerst hafa aðilar að markaðsstofunni. Til að hvetja fyrirtæki til virkrar þátttöku í markaðsstofunni var brugðið á það ráð að taka út vef- og netföng hjá þeim fyrirtækjum sem ekki eru aðilar. Ekki er vafi á það hefur virkað hvetjandi. Einnig hefur niðurstöðum leitar verið breytt þannig að þær birtast nú í handahófskenndri röð en ekki eftir stjórnnum eða stafrófsröð.

Vinna þarf að frekari markaðssetningu á vefnum en heimsóknir eru ekki nema 2-3000 á mánuði sem er umtalsvert undir því sem við viljum sjá og gildir um aðra landshluta. Því þarf að virkja frekari starfsemi á Facebook, Twitter, Vimeo og YouTube þar sem tosað er inn á síðuna

Með samningi við Blik ljósmyndaklúbb hefur verið samið um að aðilar í Markaðsstofunni njóti betri kjara við kaup á ljósmyndum af klúbbmeðlimum en aðrir.

## Undibúningur að gerð sýningarefnis um Suðurland

Sýningardiskur: Ákveðið hefur verið að falla frá fyrri hugmyndum um viðbætur á fyrri disk, en gera heldur nýjan, jafnvel árlega með mismunandi þema hverju sinni. Prófilm hefur í samvinnu við MSS tekið upp myndefni í fjórðungnum í vetur sem hugsanlega er hægt að nota við gerð nýs myndbands fyrir haustið.

## FAM ferðir og sýnileiki fjórðungsins

Verkefni við sölu og markaðssetningu eru nánast óþrjótandi, enda svæðið stórt og fyrirtækin fjölmörg. Eftir að hafa komið með og skipulegt ferðir fjölda erlendra ferðakaupenda um Suðurland á liðnum vetri bauð Markaðsstofan í samvinnu við ferðaþjónustaðila, sem eru aðilar að markaðsstofunni, starfsfólki innlendra ferðaskrifstofa, bókunar- og upplýsingamiðstöðva upp á kynnisferð um Suðurland í byrjun maí, enda ekki síður mikilvægt að þessir aðilar, sem eru að búa til og kynna ferðir inná Suðurland, þekki vel til þess hvað er efst á baugi í fjórðungnum.



Enskir ferðakaupendur á ferð í maí

- Innlendar ferðaskrifstofur og upplýsingamiðstöðvar
- Erlendir aðilar

## Útgáfa á kynningarefni

Ímyndarbæklingur og borðkort. Kynnt voru drög að borðkorti og ímyndarbæklingi. Ímyndarbæklingur er ætlaður sem stuðningur við landshlutabæklinginn til notkunar á sýningum, þó aðallega neytendasýningum.

Eins var gengið frá prentun og dreifingu á borðkorti sem prentað var í 50.000 örkum, borðkortið er að mestu fjármagnað af ferðaþjónustufyrirtækjum, m.a. hópferðahöfum og feraðskipuleggjendum

## Innri markaðssetning

Á síðustu misserum hefur Markaðsstofan unnið markvisst að innri og ytri markaðssetningu. Þannig hefur markaðsstofan orðið sýnilegri innan fjórðungsins og verkefni hennar verið kynnt fyrir ferðaþjónustuaðilum, sveitarfélögum og almenningi. Stór liður í þessu starfi hefur verið fólgin í að skipuleggja heimsóknir erlendra ferðakaupenda um svæðið og skapa tengsl við þá, m.a. með svokölluðum vinnustofum (e. workshops) sem Markaðsstofan hefur staðið fyrir í tengslum við þessar ferðir. Markaðsstofan stóð einnig að uppsetningu á atvinnulífssýningu sem haldin var í Ráðhúsinu Reykjavíkur í lok apríl undir yfirskriftinni „Suðurland já takk“. Sýningin var tvískipt. Fyrri daginn var fagaðilum s.s. ferðaskrifstofum, bókunar- og upplýsingamiðstöðvum, boðið að koma, en seinni daginn var sýningin opin almenningi. Sýningin var vel sótt báða dagana og þótti í alla staði takast afar vel. Auk þess að beina kastljósinu að vörunýjungum, framleiðslu og þjónustu á Suðurlandi stuðlar sýning sem þessi aukinni samvinnu og samheldni aðila í fjórðungnum og styrkir ímynd okkar út á við. Öll

Þessi vinna hefur líka skilað sér í auknum áhuga fyrirtækja á Suðurlandi um þátttöku í Markaðsstofu Suðurlands en fjöldi nýrra fyrirtækja skráð sig til þátttöku í verkefnum á vegum MSS.

### **Gott sumar framundan**

Það er mikill hugur í mönnum fyrir sumarið og ánægjulegt hvað ferðaþjónustuaðilar eru margir hverjir vel undirbúnir. Það er ekki nokkur vafi að okkur Sunnlendingum mun farast það vel úr hendi að svara aukinni eftirspurn. Góður undirbúningur skiptir miklu máli þegar kemur að móttöku ferðamanna. Það er engin spurning að fagmennska og öflugt tengslanet bæði innan og utan svæðis laðar marga að fallega landshlutanum okkar og skilar góðum árangri í greininni.

Það sýnir sig að öflugt markaðsstarf á okkar vegum innan fjórðungsins seinustu mánuði skilar sér í auknum áhuga ferðaþjónustuaðila á að ganga til liðs við Markaðsstofuna. Frá ársbyrjun hafa um xx fyrirtæki gengið frá samstarfssamningum við MSS.

**maí 2011 / DAS**